

Skólaslit 2026

Skólaslit verða í Hofsstaðaskóla miðvikudaginn 10. júní. Nemendur mæta í samveru á sal og fara síðan í bekkjarstofur með umsjónarkennurum. Forráðafólk er velkomið með á skólaslitin.

- Kl. 9.00 1. og 2. bekkur
- Kl. 10.00 3. og 4. bekkur
- Kl. 11.00 5. og 6. bekkur
- Kl. 12.00 7. bekkur

Hentugt er að koma gangandi í skólann þennan dag ef kostur er eða nota bílastæðin við FG þar sem er nóg pláss.

Minum á að fara vel yfir heima hvort þar séu **bækur af bókasafni skólans** eða **námsbækur** og koma með þær í skólann. Enn vantar mikið af bókum!

Ítrekum mikilvægi þess að láta vita ef **breytingar verða á skólavist** nemenda næsta skólaár.

Skólastarf hefst á nýju skólaári með skólasetningu mánudaginn 24. ágúst. Skóladagatal 2026-2027 er hér í viðhengi.

Starfsfólk og stjórnendur Hofsstaðaskóla þakka fyrir samstarfið á skólaárinu sem er að líða og senda bestu kveðjur um ánægjulegt sumarleyfi.

